

Með því að skoða þig um kynnist þú umhverfinu þínu betur og kannski sérðu eitthvað sem hægt er að bæta. Hér eru nokkrar tillögur:

1. Farðu í búð og skoðaðu spennandi vörur. Veldu nokkrar sem þér líst á og kannaðu hvort þú getir útfært þær betur með því að gera breytingar á þeim.
2. Farðu í göngutúr um nágrennið. Hvað finnst þér vanta?
3. Taktu strætó eða hjólaðu. Reyndu að sjá möguleika; færð þú einhverjar góðar hugmyndir?
4. Veldu starf sem þú þekkir vel og hugsaðu um hvaða vandamál gætu komið upp ef þú ynnir við það. Hvað er hægt að gera til að leysa þau?
5. Líttu í kringum þig heima hjá þér til að skoða hvað gerir heimilið einstakt. Er eitthvað þar að finna sem gæti búið til viðskiptahugmynd?
6. Spólaðu fram í tímann um fimmtíu ár. Þá höfum við kannski aðrar þarfir og óskir en í dag. Eru einhvers konar vörur sem enginn þekkir núna en þú getur kannski fundið upp? Hvað verður þú að gera eftir 50 ár?
7. Ímyndaðu þér hefðbundna íbúð. Láttu sem þú staðnæmist í tvær mínútur í hverju herbergi fyrir sig og reyndu að ímynda þér hvaða vandamálum fólk á mismunandi aldri stendur frammi fyrir í þessum herbergjum. Dettur þér eitthvað í hug?
8. Lestu dagblöðin og finndu vandamál í heilbrigðis- og menntamálum sem margir hafa áhyggjur af. Getur þú komið með hugmyndir sem gætu leyst eitthvert af þessum vandamálum?
9. Hugsaðu um einhvern sem þú þekkir persónulega. Ímyndaðu þér venjulegan dag í lífi þessa einstaklings. Skrifaðu niður öll vandamál og áskoranir sem viðkomandi stendur frammi fyrir. Getur þú leyst einhver þeirra?
10. Átt þú eða einhver sem þú þekkir eitthvað sem þið notið ekki lengur en uppfyllir einhverja þörf sem þú hefur? Getur þú breytt því þannig að það verði að viðskiptahugmynd?